

Akureyri, 9. nóvember 2007

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Efni: Umsögn Skógfræðingafélags Íslands um frumvarp til laga um tilfærslu verkefna innan stjórnarráðs Íslands, mál 130.

Skógfræðingafélagi Íslands hefur borist í hendur *Frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands* („bandormurinn“).

Í frumvarpinu er fjallað um tilfærslu verkefna milli ýmissa ráðuneyta og í greinargerð kemur fram að frumvarpið sé lagt fram „með það fyrir augum að hagræða, einfalda stjórnsýslu og skipa skyldum málum undir eina stjórn“.

Skógfræðingafélag Íslands fullyrðir að þær breytingar sem fyrirhugaðar eru á stjórnsýslu skógræktarmála virðast ganga í þveröfuga átt.

Í fyrsta lagi á að kljúfa skógrækt á milli tveggja ráðuneyta þannig að stærsti framkvæmdaþátturinn, Landshlutaverkefni í skógrækt, verði eftir hjá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti. Skógfræðingafélag Íslands telur skynsamlegra að öll stjórnsýsla sem snertir skógrækt á vegum ríkisins verði vistuð í einu ráðuneyti.

Í öðru lagi á að kljúfa Skógrækt ríkisins upp milli tveggja ráðuneyta. Forræði yfir þjóðskógunum á áfram að vera hjá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu. Er sagt að þetta sé nauðsynlegt til að framfylgja 33. gr. jarðalaga nr. 81/2004 um að landbúnaðarráðuneytið fari með forræði allra ríkisjarða, nema undantekningar séu gerðar frá þeirri reglu með lögum. Skógfræðingafélag Íslands telur að æskilegt sé að bæði fjárveitingar til þjóðskóganna og stofnunin í heild verði í sama ráðuneyti og Skógrækt ríkisins fari áfram ótvírætt með forræði yfir þjóðskógunum.

Þá eiga fjárveitingar til skógræktarrannsókna áfram að vera hjá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu. Skv. athugasemdum við frumvarpið eiga sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og umhverfisráðherra að standa í sameiningu að gerð rannsóknasamnings við Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins á Mógilsá til þriggja til fimm ára um rannsóknir í þágu skógræktar, í fyrsta sinn á árinu 2008. Skógfræðingafélag Íslands telur mikilvægt að tryggja fjármögnun á þeim verkefnum sem þegar eru í gangi hjá Rannsóknastöð skógræktar og vistun stöðvarinnar verði á sama stað og fjárveitingarnar verða.

Skógfræðingafélag Íslands telur augljóst að með lagfæringum á frumvarpinu í meðföllum Alþingis megi ná fram mikilvægum breytingum til bóta. Félagið hvetur Alþingismenn til þess að kynna sér málefni skógræktar sérstaklega og tryggja það að málaflokknum verði ekki sundrað eins og raunin verður með óbreyttu frumvarpi.

F.h. Skógfræðingafélags Íslands

Hrefna Jóhannesdóttir

Hrefna Jóhannesdóttir, formaður